

Salernisaðstaða við Þjóðvegi Íslands. Kortlagning þarfar á salernisaðstöðu meðfram Þjóðvegum (2. hluti) – Ágúst 2017. Ragnhildur Gunnarsdóttir, Hlöðver Stefán Þorgeirsson og Reynir Sævarsson, Efla.

Í fyrri áfanga þessa verkefnis var reynt að skilgreina staði á Þjóðvegi 1, þar sem þörf var talin vera á fleiri vegasalernum. Til að meta það var miðað við umferðaralag á viðkomandi vegi sem og talningu á ferðamönnum á helstu ferðamannastöðum landsins. Innan Vegagerðarinnar var salernisþörf einnig skoðuð og notast við reiknilíkan þar sem meðal annars var miðað við hegðunarmynstur vegfarenda. Fyrri áfangi þessa verkefnis náði eins og áður segir yfir hringveginn, en reiknilíkan Vegagerðarinnar var víðtækara. Í verkefninu er gerð nánari greining á þeim 37 áningastöðum sem bent var á í þessum úttektum. Auk þess eru kynntar tvenns konar lausnir, annars vegar vatnssalerni og hins vegar þurrsalerni og fjallað um kostnað þeirra og sett er fram flæðirit fyrir ákvarðanatöku um hvaða lausn ætti að velja. Þá er í skýrslunni rætt um möguleika á endurnýtingu seyru til landgræðslu.

Áður nefndum lausnum er lýst hvorri fyrir sig og fjallað um kosti og galla þeirra auk kostnaðar (stofn- og rekstrarkostnaður). Fram kemur að þurrsalerni gætu verið áhugaverður kostur og þau eru að mörgu leyti umhverfisvænni lausnir en vatnssalerni. Auk þess er rekstrarkostnaður þeirra oft á tíðum lægri. Þau má einnig nota allt árið um kring, en á mörgum ferðamannastöðum eru vatnssalerni aðeins notuð á sumrin, þar sem ekki er hægt að halda vatnsveitunni frostvarinni yfir vetrartímamann nema rafveitu njóti við. Hins vegar er bent á að margir ferðamenn vilja ekki nota þurrsalerni, en þó tekið fram að með tæknilega góðum lausnum er hægt að gera slíkar lausnir jafn snyrtilegar og notendavænar og hefðbundin vatnssalerni.

Varðandi endurnýtingu seyru kemur fram að virk landgræðslusvæði eru á landinu öllu, þar sem nýta mætti hana til uppgræðslu. Bent er á að slíkt ætti að gera í samvinnu við Landgræðslu ríkisins.

Fram kemur að þó þurrsalerni gæti almennt verið áhugaverður kostur, er nauðsynlegt að gera staðarkönnun á hverjum stað fyrir sig áður en ákvörðun er tekin um lausn. Flæðiritinu sem útbúið var og birt er í skýrslunni, er ætlað að hjálpa til þess.